

Lög

Nr. 81
28. nóv.

um

sjúkrasamlög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 3 gr. laga, dags. í dag um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, höfum látið færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í fyrnefndum lögum, í lögum nr. 35, 3. nóv. 1915, 1. gr., og lögum nr. 32, 26. okt. 1917, 1.—3. gr., inn í texta laga um sjúkrasamlög nr. 39, 11. júlí 1911, og gefum þau hjer með út sem lög um sjúkrasamlög.

1. gr.

Það er sjúkrasamlag, ef menn bindast fjelagsskap í því skyni að tryggja hver öðrum gegn tilteknum iðgjöldum uppbót á því fjártjóni, sem veikindi valda.

2. gr.

Sjúkrasamlög eiga heimtingu á því, að þau sjeu lögskráð, ef þau fylgja fyrirmælum þessara laga, og ber þeim þá styrkur úr landssjóði, í kaupstöðum og kaupþúnum, sem læknir er búsettur í, 2 krónur, en annarsstaðar 2 krónur 25 aurar árlega fyrir hvern fjelaga, sem árlangt hefir greitt iðgjald í samlagssjóð.

Auk þessa styrks fá sjúkrasamlögin endurgoldinn úr landssjóði fjórðung sjúkráhússkostnaðar, þó ekki meira en 75 aura á hvern samlagsmenn, miðað við meðaltal samlagsmanna á árinu.

Stjórnarráðið ræður lögskráningu sjúkrasamlaga og hefir allar þær gætur á þeim, sem því þykir þurfa.

3. gr.

Þessi eru skilyrðin fyrir því, að sjúkrasamlag geti orðið lögskráð:

1. Samlagið skal taka yfir tiltekið svæði, venjulega einn hrepp eða kaupstað.
2. Það skal veita viðtöku og full fjelagsrjettindi hverjum manni, jafnt karli sem konu, ef hann sannar:
 - a. að hann eigi heima í samlagshjæraðinu.
 - b. sje eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en fertugur, er hann beiðist viðtöku.
 - c. sje hann búsettur í kaupstað eða kaupþúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr. að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn innan 10 ára, sem hann framfleytir.

Nr. 81
28. nóv.

- d. eigi ekki skuldausar eignir, er nemi meiru en 10000 kr.
- e. hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er skerði eða geti skert vinnuþol hans, enda sje hann fullhraustur er hann gengur í samlagið.
3. Lögskráð sjúkrasamlög mega og veita viðtöku mönnum, sem eru yfir fertugt, gegn hærri iðgjöldum. Þau mega einnig veita mönnum viðtöku, þó að þá bresti hin önnur skilyrði í 2. tölulið þessarar greinar, en ekki skulu slíkir fjelagar eiga tilkall til neinnar tryggingar eða nokkurs styrks úr samlagssjóði eða landssjóði; þeir eru hlutlausir en hinir hluttækir.
4. Sjúkrasamlag verður því að eins lögskráð, að í því sje að minsta kosti 50 hluttækir fjelagar.
5. Sjúkrasamlög skulu veita hverjum hluttækum fjelaga tryggingu fyrir ókeypis læknishjálpi, ef sjúkdóm ber að höndum, ókeypis sjúkrahúsvist, hvenær sem þess gerist þörf, og dagpeningum eigi minnum en 50 aurum á dag og eigi meirum en nemi $\frac{2}{3}$ af venjulegum dagtekjum sjúklingsins. Þó skal fjelagi jafnan greiða sjálfur lyf þau að fjórðungi, er hann fær í heimahúsum eða utan sjúkrahúss.

Dagpeningatryggingin tekur þó til þeirra einna, sem eru 18 ára eða eldri.

- Utan kaupstaða og kauptúna, sem læknir er búsettur í, getur og stjórnarráðið leyft að dagpeningar falli niður með öllu, og einnig í kaupstöðum og kauptúnum, ef um giftar konur er að ræða, eða vistráðin hjú, eða aðra þá, sem halda kaupi sínu, þó að þeir sjeu frá verki vegna veikinda.
6. Iðgjöld hvers sjúkrasamlags skulu vera svo há, að stjórnarráðið telji þau nægja ásamt landssjóðsstyrknum fyrir þeirri tryggingu, sem samþykkt hvers samlags heitir samlagsmönnum.
7. Samlagið skal haga störfum sínum og stjórn eftir reglum, sem stjórnarráðið setur.

4. gr.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd að samþykktum handa sjúkrasamlögum.

5. gr.

Ef sjúkrasamlag hættir að gegna þeim skilyrðum, sem sett eru í 3. gr., þá fellur niður styrkurinn úr landssjóði og afskifti stjórnarráðsins af sjúkrasamlaginu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.